

# STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2001

Nr. 578

1456

10. júlí 2001

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55/1992 ásamt síðari breytingum.

#### 1. gr.

Ný orðskýring bætist við í I. kafla aftan við orðskýringuna Ferill:

**Fis** (microlight) er loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og hefur ofrishaða í landingarham (VSO) að hámarki 35 hnúta (65 km/klst) sýndan hraða leiðréttan (CAS) og hámarksflugtaksmassa sem er ekki hærri en

300 kg fyrir landfis (landplane) með einu sæti, eða

450 kg fyrir landfis með tveimur sætum, eða

330 kg fyrir láðs og lagar fis (amphibian) eða fis á flotum (floatplane) með einu sæti, eða

495 kg fyrir láðs og lagarfis eða fis á flotum með tveimur sætum að því tilskyldu að hægt sé að nota físið bæði sem fis á flotum og sem landfis þannig að það sé innan marka beggja flokka hvað varðar hámarksflugtaksmassa, eins og við á.

Hreyfillaust loftfar sem er léttara en 70 kg telst til físa án hreyfils. Hreyfilknúíð loftfar sem er léttara en 70 kg og flugtak er af fæti telst til físa án hreyfils. Fallhlífar (parachutes) teljast ekki til físa.

#### 2. gr.

Nýr viðauki bætist aftan við viðauka 4:

#### Viðauki 5.

#### FIS

##### 1. Flokkun físa.

##### 1.1. Fis

##### 1.2. Fis flokkast í hreyfilknúin fis og fis án hreyfils.

##### 2. Almennar flugreglur.

2.1. Eigi má fljúga físum í flugstjórnarrými nema að fengnu leyfi hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar. Sækja skal um slíkt leyfi með a.m.k. 24 klst. fyrirvara. Heimilt er að skilyrða slík leyfi við að fis sé útbúið tilteknum útbúnaði í flugstjórnarrými. Eigi er heimilt að fljúga físum innan 5 mílna radíuss flugvallar með lágmarksflugvallarþjónustu nema að höfðu samráði við flugvallarvörð eða radíómann. Um skiptingu loftrýmisins sjá töflu 3-1 í III. kafla.

2.2. Eigi má heldur fljúga físi á bannsvæðum eða yfir og á stöðum sem lúta sérstökum takmörkunum, tímabundnum eða varanlegum án leyfis hlutaðeigandi yfirvalda.

2.3. Eigi er heimilt að fljúga físum yfir þéttbýl svæði borga, bæja eða sumarhúsabyggð eða yfir svæði þar sem mikill mannfjöldi er saman kominn.

2.4. Físi má einungis fljúga þannig að sjáist til jarðar.

2.5. Ekki skal fljúga físi þannig að mönnum eða verðmætum geti stafað hættu af.

2.6. Ekki má varpa eða dreifa hlutum úr físi ef það getur valdið hættu fyrir menn eða verðmæti utan þess.

Físi má einungis fljúga á tímabilinu frá sólaruppkomu til sólarlags (sólarmiðja 6 gráður fyrir neðan sjóndeildarhring).

### 3. Umferðarréttur.

- 3.1. Stjórnandi físs skal gefa stöðugan gaum að annarri flugumferð og skal veita öllum öðrum loftförum forgang.
- 3.2. Físi skal ekki flogið þannig að af því geti stafað árekstrarhætta við önnur loftför. Hreyfilknúin fíis skulu veita forgang físum án hreyfíls.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 145. gr., sbr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

*Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands nr. 419/1999.

#### 1. gr.

Eftirfarandi bætist við orðskýringar í 1.1.:

**Fís** (microlight) er loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og hefur ofrishaða í lendarham (VSO) að hámarki 35 hnúta (65 km/klst) sýndan hraða leiðréttan (CAS) og hámarksflugtaksmassa sem er ekki hærri en

300 kg fyrir landfís (landplane) með einu sæti, eða

450 kg fyrir landfís með tveimur sætum, eða

330 kg fyrir láðs og lagar fíis (amphibian) eða fíis á flotum (floatplane) með einu sæti, eða

495 kg fyrir láðs og lagarfíis eða fíis á flotum með tveimur sætum að því tilskyldu að hægt sé að nota físið bæði sem fíis á flotum og sem landfís þannig að það sé innan marka beggja flokka hvað varðar hámarksflugtaksmassa, eins og við á.

Hreyfíllaust loftfar sem er léttara en 70 kg telst til fíisa án hreyfíls. Hreyfílknuíð loftfar sem er léttara en 70 kg og flugtak er af fæti telst til fíisa án hreyfíls. Fallhlífar (parachutes) teljast ekki ekki fíisa.

#### 2. gr.

Í gr. 1.2.5.2. bætist við nýr liður aftan við upptalningu í 2. málslið:

60 – – – fíisflugmanns.

Í gr. 1.2.5.2.2. bætist við aftan við svífflugmanns: , fíisflugmanns.

Í gr. 2.1.1.1 bætist við aftan við upptalningu í 2. málslið: – fíis.